

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar).

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum útlendinga nr. 80/2026

154. löggjafarþing 2023-2024

Þingskjal 113– 113. mál

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Frá árinu 2014 hefur Rauði krossinn á Íslandi sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á grundvelli samninga við stjórnvöld, sem og við fólk með vernd í enn lengri tíma. Er eftirfarandi umsögn Rauða krossins fyrst og fremst mótuð af því hlutverki og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa s.s. flóttafólk og farendur, til viðbótar við þá miklu og löngu reynslu sem félagið hefur af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks.

Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarmarkmið hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Athugasemdir við greinar frumvarpsins

Rauði krossinn hefur áður varað við afleiðingum breytinga sem gerðar voru á lögum um útlendinga hinn 15. mars sl. Ljóst er, nú þegar reynt hefur á framkvæmdina, hversu alvarlegar þær afleiðingar reynast og hversu óviðunandi staða þess hóps er sem sviptur er þjónustu, þrátt fyrir tímabundinn samning félagsins við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um rekstur neyðarskýlis.

Félagið vill ítreka afstöðu sína og vísar í því samhengi til fyrri umsagna félagsins sem hafa á liðnum árum verið margar um sama efni. Eru það umsagnir dags. 31. maí 2022 við þingskjal 837, 595 mál og umsögn við ónúmerað þingskjal og mál, dags. 11. febrúar sama ár. Þá hafði félagið áður mótmælt þjónustusviptingu umsækjenda um alþjóðlega vernd á löggjafarþingi 2020-2021 í umsögn sinni við þingskjal 1029, 608. mál dags. 7. apríl 2021 og við þingskjal 112, 717. mál með umsögn dags. 26. maí 2020. Að lokum má nefna andsvar Rauða krossins við athugasemdum dómismálaráðuneytisins við umsögn félagsins við frumvarp það sem varð að lögum, sem dagsett er 23. janúar 2023.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir athugasemdum félagsins sé þess óskað.

